

---

N O R Ð F I R Ð I N G U R

---

1. tölublað 1982 6. árgangur.

---

Árshátíð Norðfirðingafélagsins  
verður haldin að Hótel Loftleiðum  
Víkingasal, föstudaginn 5. mars  
1982 kl. 20:00 stundvíslega.

Matseðill: Súpa, svínasteik,  
og ,, ís a la Fönn"

Ræðumaður: Lúðvík Jósepsson

Skemmtiatriði: Eftirhermur, ein-  
söngur o.fl.

Vínveitingar.

MIÐAVERÐ kr. 300,00

---

Viðtakandi:

Árshátíð Norðfirðingafélagsins verður haldin föstudaginn 5. mars 1982 að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Hátíðin hefst með borðhaldi kl.20:00 stundvís. Hátíðargestir okkar að þessu sinni verða hjónin Fjóla Steinsdóttir og Lúðvík Jósepsson, sem verður ræðumaður kvöldsins. Hann mun segja okkur frá ýmsu fróðlegu og skemmtilegu frá fyrri tíð að heiman (allri pólitík verður að sjálfsögðu sleppt).

Ómar Ragnarsson mun mæta á staðinn og skemmta okkur af sinni alkunnu snilld.

Margrét Pálmadóttir, ung og upprennandi söngkona mun syngja fyrir okkur við undirleik Guðna Þ. Guðmundssonar. Hún hefur gefið okkur loforð um að syngja fögur ættjarðarlög eftir okkar ástsæla tónskáld Inga T. Lárusson, þannig að við ættum að nálgast heimahagana!!!

Ég líða vil um lög og geim.

Ó, löngun mín er sterk.

Vindur minn ljáðu mér vængi heim.

Það væri kærleiksverk.

Fjöldasöngur verður undir borðhaldinu eins og venjulega og að sjálfsögðu undir stjórn Lárusar Sveinssonar. Að loknu borðhaldi verður stigin dans af miklu fjöri við undirspil danshljómsveitar Jakobs Jónssonar.

Talsvert er um helgarferðir Norðfirðinga til Reykjavíkur í seinni tíð. Við væntum þess, að þeir Norðfirðingar, sem verða í Reykjavík árshátíðarhelgina sjái sér fært að koma og skemmta sér með okkur, hinum brottfluttu.

Miðaverði hefur verið stillt mjög í hóf og kostar hver miði kr. 300,00. Ef einhverjir sjá sér ekki fært að mæta fyrr en seinná um kvöldið að loknu borðhaldi, þá verður seldur sérstakur aðgangur á ballið og kostar þá miðinn kr. 120,00.

Við viljum hvetja félagaga til að panta miða sem fyrst hjá:

Jóni Karlss. s.41412 Eiríki s.54574  
Jóni Guðm. s.43499 Huldu s.52642  
Miðarnir verða seldir að Hótel Loftleiðum miðvikudaginn 3.mars kl.17-19 og borð tekin frá á sama tíma.

Á okkar árlega sólarkaffi, sem haldið var 14.feb.s.l. mættu alltof fáir, eða aðeins um 150 manns, sem verður að teljast lélegt í félagi sem telur yfir 300 manns. Nú gefst tækifæri til að bæta fyrir ónóga þátttöku að undanfögnu með því að fjölmenna á Árshátíðina og nú má enginn láta sig vanta. Takmarkið er að hátíðin standi

undir sér fjárhagslega, en til þess að svo megi verða þurfa félagar að taka höndum saman og fjölmenna. Ennþá vantar mikið á að við náum til allra Norðfirðinga hér á Reykjavík-ursvæðinu og er fólk hvatt til að láta vini og kunningja vita um árs- hátíðina og hvetja þá til að koma og skemmta sér með okkur.

Aðalfundur félagsins var haldinn á sólarlarkaffinu 14. feb. sl. Þá gengu úr stjórn Friðrik Guðmundsson, formaður s.l. tvö ár og Guðlaug Guðjónsdóttir gjaldkeri og eru þeim færðar beztu þakkir fyrir unnin störf. Í þeirra stað voru kosnir Jón Karlsson sem formaður og Jón Guðmundsson sem meðstjórnandi. Auk venjulegra aðalfundarstarfa gafst fundargestum tækifæri til þess að hlýða á þá Stefán Þorleifsson og Jóhannes Stefánsson, sem sögðu okkur fréttir að heiman.

MUNIÐ ÁRSHÁTÍÐINA 5. MARS 1982.

---

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi : Norðfirðingafélagið  
Heiðarlundi 1,  
210 Garðabæ.

Ritstjóri : Jón Karlsson.